

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. september 2023
UST202308-121/B.S.
10.05.00

Efni: Matsskylda framkvæmda - Suðurstrandarlínur 1, 2 og 3. Umsögn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 14. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Fyrirhugað er að leggja þrjá jarðstrengi frá tengivirki við Þorlákshöfn. Strengirnir verða lagðir samsíða að nýjum iðnaðarlóðum. Heildar lengd skurða verðu um 5 km. Strengleiðin er að mestu í veg- og stíglöntum.

Við lagningu strengjanna verður raskað Leitarhrauni sem er nútímahraun og rann yfir það svæði sem nú verður raska með nýjum götum og umfangsmikilli uppbyggingu vegna fiskeldis og annars iðnaðar á svæðinu. Þótt framkvæmdirnar séu stórar í sniðum ætti að leggja áherslu á að ganga vel um svæðið og vanda allan frágang.

Í samhengi við þau áform sem uppi eru um framkvæmdir í Leitarhrauni er strenglagning sem slík óveruleg aðgerð sem að áliti Umhverfisstofnunar mun ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í lögum um náttúruvernd stendur að forðast eigi að raska nútímahrauni og í því sambandi mætti skoða hvort strengleið á mynd 3.5 gæti legið um græft land ef hún yrði færð til austur um grónar lægðir að Laxabraut.

Gögn eru góð. Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnuna ekki athugasemdir við framkvæmdina.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Axel Benediktsson,
sérfræðingur